

 Samgöngustofa ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY	Upplýsingabréf Þjálfunar - og skírteinadeildar nr. 1/2019	Dags: 29.07.2019
		Útgáfa 1.0

Upplýsingabréf Samgöngustofu varðandi innleiðingu á PBN kröfum fyrir blindflugsáritanir

1. Inngangur

Í upplýsingabréfi þessu er fjallað um innleiðingu á kröfum um þjálfun og prófun í hæfisbundinni leiðsögu (e. performance based navigation) (PBN) í tengslum við útgáfu eða viðhald blindflugsréttinda.

2. Reglugerð (ESB) 2016/539

Með reglugerð (ESB) 2016/539, sem innleidd var hér á landi með reglugerð nr. 992/2016 um breytingu á reglugerð um áhöfn í almenningsflugi nr. 180/2014, tóku gildi kröfur um þjálfun og prófum í PBN fyrir útgáfu eða viðhald blindflugsréttinda.

Eftir gildistöku reglugerðarinnar mega flugmenn eingöngu fljúga PBN blindflugsferla ef blindflugsáritun þeirri innifelur PBN réttindi. Flugmönnum, sem ekki hafa PBN réttindi, er eingöngu heimilt að fljúga á flugleiðum og framkvæma aðflug þar sem ekki er gerð krafa um PBN réttindi. Samkvæmt reglugerðinni er ekki gerð krafa um PBN réttindi fyrir framlengingu/endurnýjun á blindflugsréttindum fyrr en 25. ágúst 2020 en eftir þá dagsetningu verður gerð krafa um PBN réttindi fyrir hverja blindflugsáritun.

Af framangreindu leiðir að flugmenn með blindflugsáritun sem ekki hafa aflað sér PBN réttinda fyrir 25. ágúst 2020 geta ekki nýtt réttindi skv. árituninni fyrr en þeir hafa aflað slíkra réttinda.

3. Hvernig er hægt að afla sér PBN réttinda

3.1 Almenn

Til að afla sér PBN réttinda þurfa flugmenn að ljúka bóklegri og verklegri þjálfun hjá flugskóla (ATO) og standast svo hæfni- eða færniþróf fyrir blindflugsréttindi. Ekki er gefin út sérstök áritun í skírteini flugmanna fyrir PBN réttindum heldur eru þau skráð í flugdagbók flugmannsins af viðeigandi prófdómara eða sambærilegt skjal.

Samgöngustofa hefur gefið út sérstakt [skjal](#) í þessu sambandi sem flugmenn geta notað til að sýna fram á PBN réttindi sín.

Varðandi öflun PBN réttinda má í grófum dráttum skipta flugmönnum upp í þrjá hópa og er fjallað nánar um þá í eftirfarandi undirköflum:

3.2 Flugmenn útskrifaðir af blindflugsnámskeiði sem inniheldur PBN þjálfun

Þeir flugskólar sem hafa réttindi til að kenna til útgáfu blindflugsréttinda á Íslandi hafa þegar uppfært þjálfunaráætlanir sínar til samræmis við PBN kröfur og því ættu þeir flugmenn sem útskrifast af blindflugsnámskeiði hjá íslenskum flugskóla eftir 25. ágúst 2018 að hafa fengið viðeigandi þjálfun. Hafi þeir einnig staðist blindflugsfærniþróf þar sem staðfest var færni í PBN ættu þeir að hafa fengið áritun um PBN færni í flugdagbók eða sambærilegt skjal frá prófdómara.

Sama gildir um þá sem lokið hafa samþykktu blindflugsnámskeiði með PBN frá flugskóla í öðru EASA ríki.

3.3 Flugmenn með reynslu af PBN starfrækslu

Í ákveðnum tilvikum og háð mati Samgöngustofu getur verið hægt að meta þjálfun í eða reynslu af PBN starfrækslu til jafns við bóklega og verklega þjálfun hjá flugskóla. Þetta á einkum við um flugmenn sem störfuðu hjá flugrekenda sem hafði haft samþykki til PBN starfrækslu fyrir gildistöku reglugerðar (ESB) 2016/539. Samgöngustofa hefur í samráði við íslenska flugrekendur farið yfir mál hvers og eins flugrekanda og metið hvort og þá hvaða viðurkenningu var hægt að gefa fyrir fyrri reynslu. Þeim flugmönnum sem hafa starfað hjá öðrum flugrekendum og telja sig búa yfir þekkingu á – eða reynslu af PBN starfrækslu sem ætti að vera hægt að meta til móts við kröfurnar í reglugerðinni er bent á að hafa samband við Samgöngustofu í gegnum netfangið fcl@icetra.is.

3.4 Flugmenn með blindflugsáritun án PBN réttinda

Flugmenn með blindflugsáritun án PBN réttinda þurfa að setja sig í samband við flugskóla (ATO) sem hefur leyfi til að kenna fyrir útgáfu blindflugsáritunar með PBN réttindum og fá þar fræðilega og verklega þjálfun og standast hæfnipróf fyrir blindflug með prófdómara með tilskilin réttindi. Standist þeir prófið skal prófdómarinn kvitta fyrir PBN færni í flugdagbók flugmannsins og/eða á þar til gert eyðublað Samgöngustofu

4. Samantekt

Reglugerð (ESB) 2016/539 gerir kröfu um að þeir flugmenn sem fljúga PBN blindflugsferla hafi aflað sér PBN réttinda til viðbótar við eða sem hluta af blindflugsáritun sinni. Þeir flugmenn sem ekki hafa slík réttindi innifalin í blindflugsáritun sinni mega ekki fljúga PBN blindflugsferla en mega fljúga annað blindflug. Eftir 25. ágúst 2020 verður krafa um PBN réttindi fyrir allar blindflugsáritanir. Flugmenn með blindflugsáritun sem ekki hafa aflað sér PBN réttinda fyrir 25. ágúst 2020 geta ekki nýtt réttindi skv. árituninni fyrr en þeir hafa aflað slíkra réttinda.

Upplýsingar um það hvernig flugmenn geta fengið PBN réttindi er að finna í kafla 3 hér að framan. Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fcl@icetra.is.